

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2004/EES/29/07

frá 1. febrúar 2002

um sérstök skilyrði fyrir innflutning á stjórnuanis frá þriðju löndum (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 379)

(2002/75/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/43/EBE frá 14. júní
1993 um hollustuhætti í matvælaíðnaði ⁽¹⁾, einkum 1. mgr.
10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Stjórnuanis (*Illicium verum*), einnig þekktur sem kinverskur stjórnuanis, er hæfur til manneldis og oft notaður í matvæli.
- 2) Grasafræðilega afbrigðið af stjórnuanis, þekkt sem japanskur stjórnuanis (*Illicium anisatum*, einnig þekkt sem *Illicium religiosum*, *Illicium japonicum*, *shikimmi* og *skimmi*), er vísindalega viðurkennt sem bráðeitrað og er því ekki hæft til manneldis.
- 3) Greiningar á vörusendingum stjórnuaniss frá tilteknum, þriðju löndum hafa leitt í ljós að einnig fyrirfinnst japanskur stjórnuanis; einhver tilvik matareitrunar í bandalaginu hafa verið tengd við japanskan stjórnuanis.
- 4) Almannaheilbrigði innan bandalagsins stendur því alvarleg ógn af hreinlætisvanda í tilteknum, þriðju löndum og nauðsynlegt er að gera verndarráðstafanir á vettvangi bandalagsins.
- 5) Nauðsynlegt er að stjórnuanis, sem er fluttur inn frá þriðju löndum og ætlaður er til manneldis eða sem innihaldsefni í matvæli, innihaldi ekki japanskan stjórnuanis.
- 6) Lögbær yfirvöld í þriðju löndum skulu leggja fram skrifleg sönnunargögn, sem fylgja skulu hverri vörusendingu með stjórnuanis frá viðkomandi löndum, sem staðfesta að í vörunum sé eingöngu stjórnuanis og að í þeim sé ekki japanskur stjórnuanis.
- 7) Til að vernda almannaheilbrigði er því nauðsynlegt að tekin séu slembisýni úr vörusendingum með stjórnuanis, sem er fluttur inn í bandalagið og er ætlaður til manneldis eða sem innihaldsefni í matvæli,

og þau greind áður en þau eru sett í fjálsa dreifingu; af sömu ástæðu er nauðsynlegt að hafa eftirlit með þeim vörum sem þegar eru komnar á markað.

- 8) Að því gefnu að ráðstafanirnar, sem gerðar eru í þessari ákvörðun, hafi alvarleg áhrif á eftirlitsúræði aðildarríkjanna verða niðurstöður þessara ráðstafana metnar eftir skamman tíma og ráðstöfunum breytt við á.
- 9) Samráð var haft við aðildarríkin um ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun í samræmi við 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 93/43/EBE frá 18. desember 2001.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

1. Aðildarríkin mega heimila innflutning á stjórnuanis (*Illicium verum*), sem fellur undir SAT-númer 0909 10 00 frá þriðju löndum, ef hann er ætlaður til manneldis eða sem innihaldsefni í matvæli, að því tilskildu að:

- a) hverri vörusendingu fylgi skýrsla um niðurstöður úr opinberri sýnatöku og greining ásamt vottorði, í samræmi við fyrirmyndina í I. viðauka, útfyllt, undirritað og vottað af lögbærum yfirvöldum þess þriðja lands sem flytur út vöruna, sem sýnir fram á að í vörusendingunni er ekki japanskur stjórnuanis (*Illicium anisatum*, einnig þekktur sem *Illicium religiosum*, *Illicium japonicum*, *shikimmi* og *skimmi*), sem er ekki hæfur til manneldis;
- b) vörusendingar séu fluttar inn í bandalagið um einn komustaðanna sem eru skráðir í II. viðauka;
- c) hver vörusending sé auðkennd með kenninúmeri sem samsvarar kenninúmerinu á vottorðinu og meðfylgjandi niðurstöðum úr opinberu sýnatökunni og greiningunni sem um getur í a-lið.

2. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu tryggja að fram fari sannprófun skjala fyrir innfluttan stjórnuanis, sem er innfluttur frá þriðju löndum, til að tryggja að kröfur um vottorð og niðurstöður opinberrar sýnatöku, sem um getur í a-lið 1. mgr., séu uppfylltar. Í þessu skyni skulu aðildarríkin tryggja að innflytjendum sé skylt að tilkynna lögbærum yfirvöldum fyrir fram, við komustað inn í bandalagið, um fjárhæð, eðli og áætlaðan komutíma vörusendingarinnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 33, 2.2.2002, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2002 frá 6. desember 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, 13.2.2003, bls. 10.

(¹) Stjtið. EB L 175, 19.7.1993, bls. 1.

3. Aðildarríkin skulu taka slembisýni úr vörusendingum og greina vörusendingar með stjórnunís frá þriðju löndum, sem er ætlaður til mannelis eða sem innihaldsefni í matvæli, áður en hann er settur í frjálsa dreifingu á komustað inn í bandalagið og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöðurnar með hinu skjótvirka viðvörunarkerfi um matvæli (RASFF). Aðildarríkjum er heimilt að láta innflytjanda eða fulltrúa hans greiða kostnaðinn við greininguna.

2. gr.

Aðildarríkjum er einungis heimilt að leyfa innflutning á japönskum stjórnunís ef hann er ætlaður til annars en mannelis.

Á hverri vörusendingu með japönskum stjórnunís, sem fluttur er til bandalagsins frá þriðju löndum, skal vera merkimiði þar sem fram kemur að varan sé ekki hæf til mannelis.

3. gr.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. að taka sýni úr og greina stjórnunís sem kominn er á markaðinn, til að sannprófa að ekki sé um japanskan stjórnunís að ræða.

4. gr.

Þessa ákvörðun skal endurskoða fyrir 1. júní 2002 í þeim tilgangi að meta hvort þau sérstöku skilyrði, sem mælt er fyrir um í 1. gr., veiti nægilega víðtæka vernd fyrir almannaheilbrigði í bandalaginu.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
David BYRNE
framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Vottorð fyrir innflutning til Evrópubandalagsins á stjórnunís sem er upprunninn í þriðju löndum

Kenninúmer vörusendingar Vottorð nr.

Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2002/75/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á stjórnunís frá þriðju löndum (*Illicium verum*) sem fellur undir SAT-númer 0909 10 00

(Lögbært yfirvald)

VOTTAR:

að stjórnunís þessarar vörusendingar, kenninúmer

(Færið inn kenninúmer vörusendingar) sem er samsett af:

(Lýsing á vörusendingu og vöru, fjöldi og tegund pakkinga, brúttó- eða nettóþyngd)

fermd í

(fermingarstaður)

af:

(nafn flutningsaðila)

fer til:

(ákvörðunarstaður og -land)

kemur frá starfsstöð:

(nafn og pósthfang starfsstöðvar)

er eingöngu samsett úr stjórnunís (*Illicium verum*) og inniheldur ekki bráðeitraðan, japanskan stjórnunís (*Illicium anisatum*, einnig þekktur sem *Illicium religiosum*, *Illicium japonicum*, *shikimmi* og *skimmi*) sem er ekki hæfur til manneldis.

Úr þessari vörusendingu voru tekin..... (fjöldi sýna) sýni úr stjórnunís

(dagsetning), og efnagreind (dagsetning) í

..... (nafn rannsóknarstofu), til að ákvarða að í henni sé ekki japanskur

stjórnunís (tilgreinið greiningaraðferðina sem er notuð og gæðakröfurnar við aðferðina).

Gjört í hinn

Stimpill og undirskrift
lögbærs yfirvalds þriðja lands

II. VIÐAUKI

Skrá yfir komustaði þar sem heimilt er að flytja inn í Evrópubandalagið störfuánís sem er upprunninn í þriðju löndum

Aðildarríki	Komustaður
Belgía	Antwerp
Danmörk	Allar danskar hafnir og flugstöðvar og allar landamærastöðvar
Þýskaland	<ul style="list-style-type: none"> — HZA Munich airport in HZA Munich-ZA airport — HZA Bremerhaven-ZA Rotersand in HZA Bremen-ZA Bremerhaven — HZA Bremerhaven-ZA container terminal in HZA Bremen-ZA Bremerhaven container terminal — HZA Hamburg-Freihafen-Terminal in HZA Hamburg-Hafen-ZA Waltershof — HZA Hamburg-Freihafen-ZA Ericus Terminal Südbahnhof in HZA Hamburg-ZA Waltershof — HZA Hamburg-Freihafen-ZA Köhlfleedamm in HZA Hamburg-ZA Waltershof — HZA Hamburg-St Annen-ZA Altona wird ersatzlos aufgehoben ab 1.1.2002 — HZA Hamburg-Waltershof-Terminal in HZA Hamburg-ZA Waltershof — HZA Hamburg-Waltershof-Flughafen in HZA Itzehoe-ZA Hamburg-airport — HZA Lüneburg-ZA Stade in HZA Oldenburg-ZA Stade — HZA Trier-ZA Idar-Oberstein in HZA Koblenz-ZA Idar-Oberstein
Grikkland	Athens, Pireas, Elefsis, Athens Airport, Thessaloniki, Volos, Patra, Iraklion Crete, Crete Airport, Euzoni, Idomeni, Ormenio, Kipi, Kakavia, Niki, Promahonas, Pithio, Igoumenitsa, Kristalopigi
Spánn	A Coruña-Laxe (höfn), Algeciras (höfn), Alicante (flugvöllur og höfn), Almería (flugvöllur og höfn), Asturias (flugvöllur), Barcelona (flugvöllur og höfn), Bilbao (flugvöllur og höfn), Cádiz (höfn), Cartagena (höfn), Gijón (höfn), Gran Canaria (flugvöllur), Huelva (höfn), Las Palmas de Gran Canaria (höfn), Madrid (flugvöllur), Málaga (flugvöllur og höfn), Mánin (höfn), Palma de Mallorca (flugvöllur), Pasajes (höfn), Santa Cruz de Tenerife (höfn), Santander (flugvöllur og höfn), Santiago de Compostela (flugvöllur), San Sebastián (flugvöllur), Sevilla (flugvöllur og höfn), Tarragona (höfn), Tenerife Norte (flugvöllur), Tenerife Sur (flugvöllur), Valencia (flugvöllur og höfn), Vigo (flugvöllur og höfn), Villagarcía-Ribeira-Caraminal (höfn), Vitoria (flugvöllur), Zaragoza (flugvöllur).
Frakkland	Marseilles (Bouches-du-Rhone), Le Havre (Seine-Maritime)
Írland	Dublin (höfn og flugvöllur), Cork (höfn og flugvöllur), Shannon (flugvöllur), Waterford (flugvöllur)
Ítalía	Allar hafnir, flugstöðvar og landamærastöðvar
Lúxemborg	Centre douanier, Croix de Gasperich, Luxembourg
Holland	Rotterdam
Austurríki	HZA Graz, HZA Vienna, Wiener Neustadt, Linz
Portúgal	Allar hafnir, flugstöðvar og landamærastöðvar
Finnland	Helsinki
Svíþjóð	Gothenberg
Breska konungsríkið	Belfast, Felixstowe, Gatwick Airport, Heathrow Airport, Hull, Liverpool, London, Southampton